

Nd.

245. Þingsályktun

um forðagæslumálið.

(Samþykkt í Nd. 6. ágúst).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að leita álits og umsagnar allra breppsnefnda um forðagæslumálið, og þá einkum um það:
 - a, hvort þær telji lög í þeim efnum miða til verulegrar nytsemi eða ekki.
 - b, hvort þær telji heppilegra — ef lög um þessi mál þykja á annað borð æskileg — almenn lög, eins eða svipuð þeim, sem nú eru í gildi, eða að eins heimildarlög í líkingu við tillögur þær, sem fram hafa komið, bæði frá Torfa sál. Bjarnasyni og fleirum.
2. Að semja og leggja fyrir næsta reglulegt Alþingi — ef breytinga er alment óskað -- lagafrumvarp í sem fylstu samræmi við þær álitsgjörðir og óskir, er komið hafa fram.